

Mál nr. 105/2015
M og
V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.

Tjón á bifreið vegna holu í malbiki 11. mars 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. mars 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 26. mars 2015 ásamt gögnum.
3. Tölvupóstsamskipti V og X, send með tölvupósti 25. mars 2015.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V móttakin 12. mars 2015 kemur fram að bifreið M hafi verið ekið ofan í holu á Reykjavíkurvegi inn að bensínstöð Skeljungs þann 11. mars 2015 kl. 16:00. M lýsir holunni sem stórrí og að hún hafi náð yfir breidd vegarins.

M vísar til þess í málskoti að hann hafi haft samband við starfsmann hjá X sem hafi tjáð honum að hann væri ekki sá fyrsti sem lenti í tjóni á sama stað. Einnig vísar M til þess að umrædd hola hafi verið lengi á þessum stað. M telur tjón á bifreið sinni þar af leiðandi á ábyrgð X.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi sýnt vanrækslu við ráðstafanir vegna holu á þessum stað þar sem þeim hafi ekki verið kunnugt um hana, né heldur að sýnt sé fram á að almennt hafi eftirlit verið vanrækt. M hafi ekki lagt fram gögn sem styðja það að starfsmenn X hafi vitað um holuna og verði ekki á því byggt. Einnig vísar V til þess að ekki liggi fyrir hvernig aksturslag ökumanns bifreiðar M hafi verið og að hann hafi ekið í samræmi við ákvæði umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að tjón varð á bifreið M þegar henni var ekið í holu á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. M ber sönnunarbyrði vegna skilyrða skaðabótaábyrgðar sveitarfélagsins X vegna tjónsins. Ljóst er af gögnum málsins að ekki liggja fyrir gögn sem staðreyna að tilkynnt hafi verið um umrædda holu til X áður en tjón varð og ekki liggja heldur fyrir gögn eða frekari upplýsingar sem sýna fram að starfsmenn X hafi vanrækt eftirlitsskyldu sína gagnvart mögulegum skemmdum á þessum stað. ekki dugar að vísa til ótilgreindra símtala án frekari sönnunargagna. Að þessu sögðu telst ekki sýnt fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar sé fullnægt vegna tjóns á bifreið M og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 21. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.